

hagræðingu og skilvirkni í heilbrigðisþjónustu.

Í framhaldi af rafræna læknaþréfinu verða tekin fleiri skref á Akureyri. Næst verður reynt að senda tilvísanir frá heilsgæslustöðvum inn á spítalann með rafrænum hætti. Það er verið að gera tilraunir með að hætta að skrifa út myndgreiningasvör og í framhaldi af því er ætlast til þess að röntgenbeiðnir berist með rafrænum hætti. Reyndar verður á næstu vikum sett upp rafrænt umhverfi til sýningar á stafrænum röntgenmyndum á FSA.


Porvaldur bætir því við að fyrir liggi að taka ákvörðun um vefrænt viðmót rannsóknardeildar þannig að bæði verði hægt að panta og skoða rannsóknasvör með rafrænum hætti. Þá hefur lítill hópur lækna notað rafræna lyfseðla að undanfögnu og verður það fyrirkomulag tekið upp víðar um leið og Saga breiðist út um spítalann. Síðast en ekki síst hafa stjórnendur FSA horft út fyrir vegg spítalans og hafa mikinn áhuga á að tengjast öðrum stofnunum, ekki síst á Norður- og Austurlandi. Raunar er komið á samstarf við heilsgæsluna á Akureyri og búið að tengja FSA við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík. Næsta skrefið verður að tengjast lengra austur á bóginn.

Horft inn á við á Landspítala

Baldur Johnsen sviðsstjóri upplýsingaviðs Landspítalans sagði í stuttu spjalli við blaðið að Sögu-kerfið væri í notkun á nokkrum deildum en stefnan væri að koma nýrri útgáfu kerfisins í notkun á öllum deildum fyrir lok þess árs. Hann sagði að Saga væri raunar meira en tölvukerfi því það hefði augljóslega mikil áhrif á störf fólks og væri stórt skref fram á við í tækniþróuninni.

Baldur sagði að fram til þessa hefði eingöngu verið horft inn á við í tölvuþróun spítalans og að enginn utan spítalans hefði rafrænan aðgang að upplýsingum þaðan. Það helgaðist ekki síst af sjónarmiðum persónuverndar en einnig liti spítalinn svo á að það væri hlutverk ráðuneytisins að tengja stofnanir saman með Heilbrigðisnetinu.

Af þessari stuttu samantekt sést að það er ýmislegt að gerast inni á stofnunum heilbrigðiskerfisins í þá veru að bæta rafræna skráningu. Hins vegar er það eins og oft vill verða ríkið sem fer sér hægt í því að koma á nauðsynlegri samhæfingu og samtengingu svo allt kerfið, jafnt starfsmenn sem sjúklingar, fái notið þeirra gæða sem rafræn skráning getur haft í för með sér.



Siðfræði lífs og dauða

endurútgefin

FYRIR RÚMUM áratug gaf Vilhjálmur Árnason heimspekiþrófessor út bókina *Siðfræði lífs og dauða*. Hlaut hún góðar viðtökur og var höfundur sýndur ýmiss sómi, svo sem viðurkenning Hagþenkis og tilnefning til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2003. Nú er þessi bók komin út aftur, aukin og endurbætt.

Í frétt frá Háskólaútgáfunni segir meðal annars að Vilhjálmur fjalli „um öll helstu siðferðileg álitamál í heilbrigðisþjónustu á ítarlegan en aðgengilegan hátt. ... þagnarskyldu, réttindi sjúklinga, rannsóknir á fólki, fósturgreiningu, fóstureyðingar, líffæraflutninga, líknardráp og réttláta heilbrigðisþjónustu. ... Rauði þráðurinn í málflutningi Vilhjálms er krafan um að virða sjúklinginn sem manneskju.“

Höfundur segir í formála að hann hafi endurskoðað bókina með hliðsjón af þeim öru breytingum sem orðið hafa í heilbrigðismálum undanfarin ár. Þar á hann bæði við lækni-fræðileg efni á borð við erfðarannsóknir, tæknifrjóvgun og fósturvísarannsóknir sem og pólitískari efni eins og gagnagrunna, forgangsroðun og mótun heilbrigðisstefnu.

Háskólaútgáfan gefur út bókina en hún er 379 blaðsíður og fæst bæði innbundin og í kiljuformi.

Sveigjanlegur eftirlaunaaldur eftir 15 ára bið

ALLT FRÁ ÞVÍ landlæknir birti niðurstöður Hjartaverndar í Fylgiriti Landlæknisembættisins 1990 um verulega hagstæða breytingu á heilsufari eldra fólks á árunum 1967-1985 fylgdi krafan um sveigjanleika eftirlaunaaldurs. Í ljós kom að í heild hafði hjarta- og lungnastarfsemi fólks breyst til batnaðar, svo sem blóðfita, blóðþrýstingur lækkað, lungnastarfsemi batnað og dánartíðni vegna kransæðasjúkdóma og heilablæðingar lækkað verulega á aldrinum 40-74 ára. Þessar breytingar tengjast án efa breyttum lífsstíl, meiri hreyfingu (trimmerferð ÍSÍ hófst í samvinnu við Hjartavernd 1970), minni reykingum, lengri skólagöngu og fleira. Í kjölfar tillögu landlæknisembættis samþykkti alþingi þingsályktunartillögu allra flokka um

að skoða málið árið 1990 en málið koðnaði niður. FEB tók málið aftur upp 2001 og þetta var eitt af málum sem samþykkt voru á fundum eldri borgara og ríkisstjórnar 2002. Guðmundur Hallvarðsson tók nýlega upp málið á þingi. Nefnd alþingismanna undir hans forystu hefur lagt til að eftirlaunaaldur verði hækkaður upp í 72 ár.

FEB hefur skorað á atvinnurekendur að gefa fólki kost á sveigjanlegum eftirlaunaaldri, meðal annars sem hlutastarf 64-74 ára. Nú hefur heilbrigðisráðherra skipað nefnd með fulltrúa frá Landsambandi eldri borgara er semja skal frumvarp um málið fyrir vorþing 2004.

Ólafur Ólafsson

Formaður Félags eldri borgara